

Fréttabréf til eigenda

Rekstur 2021

Á árinu hefur rekstur Sorpurðunar Vesturlands hf gengið með ágætum. Fyrirtækið er í hópi „fyrirmyndar fyrirtækja” Creditinfo enn eitt árið, sem segir þó ekki alla söguna.

Magn til urðunar

Útlit er fyrir minna sorpmagni til urðunar á yfirstandandi ári. Spá áætlar 10-12% minnkun milli áranna 2020 og 2021.

Nýr sorptroðari

Í byrjun árs kom til landsins nýr sorptroðari sem leysir eldri sorptroðara af hólmi sem var keyptur árið 2007. Nýi troðarinn er 36,4 tonn að þyngd og kostaði 73,5 milljónir króna. Sjá nánar á slóðinni: <https://ssv.is/frettir/sorpurðun-vesturlands-nyr-sorptrodari-i-fiflholtum/>

Fok og Eldar

Fok innan svæðis hefur verið „viðunandi” og má þar þakka veðráttunni. Í haust hefur þó þurft að grípa til lokana nokkra daga vegna vinda en lokað er við 18 m.s. Fokvarnargirðingar sem reistar hafa verið reynast vel en ná þó ekki öllu. Starfsmenn þurfa því að vera vel á vaktinni með hreinsun nágrennis Fíflholta og innan svæðis.

Um miðjan ágúst kom upp eldur í rein fjögur og voru starfsmenn nokkra daga að vakta svæðið og keyra jarðefnum yfir til að kæfa eldinn. Ekki þurfti að kalla til utanaðkomandi aðstoð. Þessi hætta er ávallt til staðar þar sem lífrænn úrgangur er urðaður. Hiti myndast í haugnum sem getur orðið að eldi.

Hitamyndavél

Fjárfest var í hitamyndavél sem staðsett er á haugnum. Myndavélin nemur hita í haugnum og hefur verið stillt inn í síma starfsmanna, þ.e. þeir sjá mynd og fá send sms þegar hiti nær 40 gráður í haugnum. Starfsmenn eru mjög ánægðir með þessa nýju tækni enda auðveldar hún þeim fjareftirlit með urðunarsvæðinu.

Náttúruleg hreinsun sigvatns

Sigvatn frá rein 4 er safnað neðan við reinina og rennur í gegnum olí- og fituskilju í síubeð neðan við reinina og þaðan í útráð út í skurð. Nú á að leiða sigvatnið frá síubeðinu í plastpípu niður að efri hluta mýrar og veita því í skurðakerfi þar sem rennsli mun hlykkjast niðureftir þeim en skurðirnir eru með um 6 metra millibili. Í sumar náðist að grafa skurðina og planta víði og sitkagreni milli skurðanna. Trén eiga að nýta næringu úr sigvatninu sem síast inn í mójardveg við bakkana. Hér er því um mjög náttúrulega lausn að ræða.

Verkið er skilgreint sem tilraunaverkefni fyrir frekari hreinsun sigvatns frá rein 4 og verður stækkað síðar með mögulegri síðari útfærslu urðunarreina.

Á næstu blaðsíðu má sjá myndir af urðunarsvæðinu og skurðavirki.



Mynd 1. Yfirlitsmynd af urðunarsvæði. Skurðakerfi lengst til vinstri á mynd.



Mynd 2. Skurðavirki. Ef vel er að gáð má sjá trjáplöntur í beltum á milli skurðanna